

Velkomin

til samstarfs um
leikskólabarnið!

Welcome

to a partnership
regarding your
preschool child!

Leikskólinn Óskaland

Hveragerði



Finnmörk 1, 810 Hveragerði

S:483-4139

www.oskaland.karellen.is



Velkomin í leikskólann

Leikskólinn heitir Óskaland og eru einkunnarorð leikskólans *leikur-lífsgleði-lærdómur*. Í leikskólanum eru sex deildir og í kringum 100 nemendur stunda þar nám. Leikskólinn er opinn frá 7:45 - 16:30. Óskaland er staðsett í efra hverfi Hveragerðisbæjar og allt í kring er falleg náttúra. Fyrsti hluti skólans var tekinn í notkun 2004, næsti hluti 2007 og haustið 2021 komu lausar kennslustofur og þá er skólinn 6 deilda. Útisvæði leikskólans er stórt og býður upp á mikil og fjölbreytt ævintýri. Í starfinu er stuðst við Aðalnámskrá leikskóla en allir leikskólar landsins starfa samkvæmt henni. Við notum smáforrit sem heitir *Karellen*, sem heldur utan um allar mætingar og fjarvistaskráningar. Þar er einnig hægt að finna myndir af barninu í skólastarfinu og fleiri upplýsingar er varða barnið. Ef eitthvað vantar, getur starfsmaður á deildinni sent skilaboð úr forritinu og einnig er hægt að senda skilaboð frá heimili. Hægt er að fá frekari upplýsingar um *Karellen* í leikskólanum. Innleiðing að *Heilsueflandi leikskóla* er hafin. Sú hugmyndafræði kemur frá embætti landlæknis og styður leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. *Heilsueflandi leikskóli* leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: **hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.**

Welcome to preschool

The preschool's name is Óskaland. The school's policy is *Play – joy of life – life lessons*. Our school consists of six departments and about 100 students. The school is open from 7:45-16:30. Our school is in the upper part of Hveragerði and we have an abundance of beautiful nature all around us. First part of the school was built in 2004, the next was built in 2007 and in the autumn of 2021, two classrooms were installed outside and then the preschool has 6 departments. The outdoor area of the preschool is large and offers great adventures.

Our School's curriculum is taken from „Aðalnámskrá leikskóla“, which is a curriculum published by the ministry of education that every preschool in Iceland must adopt. We use an app called *Karellen*, which keeps track of all attendance and absence registrations. There you can also find pictures of your child in the preschool and other information about your child. The app also offers the possibility to send a message to staff members that are taking care of your child and vice versa. You can get information on how to get *Karellen* in the preschool. We are working on becoming a *Health-promoting preschool*, under the auspices of the Office of the Medical Director of Health, intended to support preschools in working systematically on health promotion and making it part of the preschool's daily work. A *health-promoting preschool* places special emphasis on working with eight key aspects related to schoolwork. They are **exercise, diet, mental health, safety, dental health, family, community and staff.**

Almennar upplýsingar/Information

Deildarstjóri/ Head of department: Harpa Björnsdóttir

Heiti deildarinnar/Name of department: Grenikot

Aðrir starfsmenn á deildinni/other staff members: Helga Sigurðardóttir, Guðrún Jóna Árnadóttir, Daðey Ingibjörg Hannesdóttir, Maria Araceli, Greta Veronika Zolotuchiniene,

E-mail: oskaland@hveragerdi.is

Símanúmer/Phone number: 483-4139

Leikskólastjóri/Principal: Gunnvör Kolbeinsdóttir. gunnvor@hveragerdi.is

Aðstoðarleikskólastjóri/Vice-principal: Guðlaug Jónsdóttir. gudjo@hveragerdi.is

Sérkennslustjóri/ Special education director: Heiða Margrét Guðmundsdóttir.
heidamargret@hveragerdi.is

Deldarstjóri/ Head of department: harpa@hveragerdi.is

Heimasíðan/Website: www.oskaland.karellen.is

Námsefni og hugmyndafræði

Vinátta með bangsanum Blæ



Vinátta byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk

þess byggir *Vinátta* á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þátttaka allra í þessu er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins. Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.

Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.

Bangsinn Blæ er táknmynd vináttunnar í verkefninu. Blæ fylgja litlir hjálparbangsar sem ætlaðir eru hverju barni sem tekur þátt í *Vinátta*. Blæ og hjálparbangsarnir tákna traust og vináttu og er ætlað að minna börnin á að passa upp á aðra og að vera góður félagi allra.

Study materials and Ideology

Friendship with Blær the bear

We use teaching methods such as, *Blær Friendship* is based on the latest research on bullying and on certain ideologies and values that are important to be integrated with the other work of the schools that work with the subject. In addition, *Friendship* is based on realistic projects for students, staff, and parents. Everyone's participation in this is the basis for success. Participants are expected to acquire these basic values at work and in communication within the school community. The ideology is reflected in the following four values:

Tolerance

Recognizing and understanding the importance and value of diversity and treating everyone else with respect.

Respect

To recognize and take into account all the children in the group, to be a good companion to all and to respect the diversity within the group.

Caring

To show interest, compassion, and helpfulness to all children. To understand the position of others.

Courage

To dare to make oneself heard and be able to set goals. To be a brave and good companion who responds to injustice.

Friendship is about preventing bullying by developing a good school atmosphere, having good communication and having a positive attitude towards everyone in the group. Special emphasis is placed on reaching out to children and adults who witness bullying and encouraging them to respond.

Blær the bear is a symbol of friendship. All the children get a little Blær, a helper bear, which they keep in the preschool. Blær and the helper bears represent trust and friendship and are meant to remind the children to take care of others and be a good friend to everyone.



Lubbi finnur málbein

Í Óskalandi er unnið markvisst að málörvun ungra barna. Eitt af því efni sem við notum er *Lubbi finnur málbein*.

Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur við að getla og þá heyrst „voff – voff – voff“. Lubba langar mikið að læra að tala en þá vandast málið því þá þarf hann að læra öll



íslensku máhljóðin. Krakkarnir ætla að hjálpa Lubba við að læra íslensku máhljóðin með söng og ýmsum öðrum skemmtilegum æfingum. Hundum þykir einna best að naga bein og þar er Lubbi engin undantekning. Máhljóðin líta þess vegna út eins og bein. Lubbi nagar beinin með góðri lyst og lærir þannig að tala smátt og smátt.

Í bókinni *Lubbi finnur málbein* er hvert hljóð táknað með litlum og stórum bókstaf. Hverju máhljóði fylgir tákni sem oft er notað samhliða tákni með tali. Að tengja hljóðið við táknræna hreyfingu auðveldar börnunum að læra tákni og muna þau. Þá eru einnig skemmtilegar vísur og stuttar sögur sem fylgja hverju máhljóði. Í sögunum má finna hljóðið fremst í orði, inni í orði eða aftast í orði. Sögurnar geyma fjölbreyttan orðaforða og hvetja til auðugs málfars. Spurningar í sögulok gefa færi á áhugaverðum samræðum, rökræðum og vangaveltum. Vísurnar eru eftir Þórarín Eldjárn og eru við þekkt lög, t.d. Krummi krunkar úti og Allir krakkar.

Unnið er markvisst með hljóðin í þrívídd, þ.e. sjónskyn, heyrnarskyn og hreyfi- og snertiskyn. Þannig þjálfast börnin í að tileinka sér íslensku máhljóðin og brúa þannig bilið milli stafs og hljóðs sem að lokum leiðir þau á sporið í lestri og ritun.


Lubbi finnur málbein

Here in Óskaland, we focus on language stimulation for young children. One of the materials we use is *Lubbi finnur málbein*. Lubbi is an Icelandic sheepdog. He is efficient at barking and then you hear "woff - woff - woff". Lubbi wants to learn how to speak and has to learn all the sounds in the Icelandic language. The kids are going to help Lubbi learn the Icelandic sounds with singing and various other fun exercises. Dogs prefer to bite bones and Lubbi is no exception. The speech sounds therefore look like bones. Lubbi gnaws his bones with good appetite and thus learns to speak little by little.

In the *book Lubbi finnur málbein*, each sound is represented by a lowercase and uppercase letter. Each sound is accompanied by a symbol that is often used with *Tákn með tali* (key word signing). Connecting sound to symbolic movement makes it easier for children to learn and remember the symbols. There are also fun verses and short stories that accompany each speech sound. In the stories you can find the sound at the beginning of a word, inside a word or at the end of a word. The stories contain a diverse vocabulary and encourage rich language. Questions at the end of each story provide an opportunity for interesting conversations, debates, and speculations. The verses are written by Þórarín Eldjárn and are sung with well-known Icelandic songs, e.g., *Krummi krunkar úti* and *Allir krakkar*.

We work with the sounds in three dimensions, i.e., sense of sight, sense of hearing and sense of movement and touch. In this way, the children are trained to assimilate the Icelandic language sounds and thus bridge the gap between letter and sound, which ultimately helps them when they start reading and writing.





ART

ART stendur fyrir Aggression Replacement Training og er fastmótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja óæskilega hegðun og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Módelið er byggt á ýmsum stefnum og straumum úr sálfræði til dæmis atferlismótun. ART var þróað í Bandaríkjunum af Arnold P. Goldstein, Barry Glick og John C. Gibbs.

Í ART er félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund þátttakenda þjálfuð. Með því að vinna með þessa þrjá þætti samhliða næst betri og varanlegri árangur heldur en ef aðeins væri unnið með einn þátt í einu. Þessir þættir eru meðal annars þjálfaðir með sýnikennslu, hlutverkaleik, jákvæðri styrkingu, æfingum og umræðum.

ART

ART stands for Aggression Replacement Training and is a well-established pedagogical training model that aims to prevent unwanted behavior and teach other ways to solve communication, emotional and behavioral problems. The model is based on various trends and currents from psychology, for example behavioral development. ART was developed in the United States by Arnold P. Goldstein, Barry Glick, and John C. Gibbs.

ART trains participants' social skills, self-control, and moral awareness. Working with these three factors in parallel achieves better and more lasting results than if you only worked with one component at a time. These aspects are trained, among other things, through demonstrations, role-playing, positive reinforcement, exercises and discussions.



Vikuskipulag

Vikuskipulagið er misjafnt eftir deildum og mun hver deildarstjóri senda foreldrum stundaskrá fyrir sína deild að hausti. Meðal annars leggjum við áherslu á útiveru, hreyfingu, skapandi starf, frjálsan leik og söng.

Samstarf heimilis og skóla

Foreldrar/forráðamenn eru mikilvægustu manneskjur í lífi barnsins og þess vegna viljum við byggja sterkt samband á milli foreldra/forráðamanna og leikskólans frá fyrsta degi.

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl barnsins í leikskólanum og góðri líðan.

Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er ekki ætlað að koma í stað þess.

Samvinna milli foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trúnaði og opnum samskiptum. Markmið foreldrasamstarfs er að foreldrar fái sem bestar upplýsingar um þroska og stöðu barnsins í leikskólanum, stuðli að þátttöku foreldra í starfi leikskólans, auki samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna og veiti foreldrum upplýsingar um starfsemi skólans.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og þeir eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi, í einkasamtöl, foreldra fundi o.s.frv.



Week schedule

Each department has a different week schedule, and it will be sent out in the autumn. Among other things, we focus on being outdoors, exercise, creative work, free play and singing.

Cooperation between home and preschool

Parents/guardians are the most important people in their children's life and that is why we want to work with the parents to build a good relationship between the family and the preschool from day one. Parents/guardians play a big role in their child's development. It is very

important to speak their native language to their child, they will learn Icelandic in preschool and other Icelandic language environments.

Good cooperation between parents and preschool is essential for the child's successful stay in preschool and well-being. Parents are primarily responsible for the upbringing of their children, but preschool education is in addition to parenting, but is not intended to replace it.

Cooperation between parents and preschool must be based on mutual respect, confidentiality, and open communication. The aim of parental cooperation is for parents to receive the best possible information about the child's development in the preschool, promote parental participation in the preschool's work, increase co-operation and communication between the preschool and the home and provide parents with information about the school's activities.

Parents are always welcome at preschool, and they are especially invited to parent coffee, private conversations, parent meetings, etc.

Ef barnið er veikt / í frí

Vinsamlegast látið okkur vita í Karellen smáforritinu eða hringið í síma: **483-4139**

If the child is sick / takes the day off

Please let us know in the Karellen app or call us: **483-4139**

Foreldraviðtöl

Boðið er upp á regluleg foreldraviðtöl, ýmist einu sinni eða tvisvar á ári. Rætt er um líðan barnsins, þroska þess og þarfir. Foreldrar eru jafnframt hvattir til að óska eftir viðtali eftir þörfum.

Foreldraráð

Við hvern leikskóla starfar foreldraráð. Því er ætlað að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólaráðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir um starfsemi leikskólans. Foreldraráðið fylgist jafnframt með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana í leikskólanum og kynningu þeirra. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólstarfinu. Á heimasíðu leikskólans eiga að vera upplýsingar um kjörna fulltrúa í foreldraráði.

Foreldrafélög

Í leikskólanum er starfandi foreldrafélag sem er sameiginlegt með leikskólanum Undralandi í Hveragerði. Hlutverk félagsins er að styðja við leikskólastarfið, stuðla að velferð barnanna og efla samskipti foreldra innbyrðis og við leikskólann. Gjald félagsins er tvö hundruð krónur á mánuði og er það rukkað með leikskólagjöldunum.

Parent interviews

The preschool offers parent interviews regularly, once, or twice a year. They are intended to discuss the child's feelings development and needs. Parents are encouraged to ask for an interview whenever they feel it is needed.

Parent Councils

At every preschool there is a parent council. It is tasked with giving commentaries to the preschool and the school curriculum and other plans. The parent council also monitors the implementation of the curriculum, other plans for the preschool and information about them. The parent council has the right to give commentaries on all major changes in the preschool work. Information about elected members of the parent council and minutes from meetings should be found on the preschool's website.

Parent Associations

Parent associations support work in the preschool, contribute towards the welfare of the children and promote interactions among parents and the preschool. We have a joint parent association with the preschool Undraland. The parent association's fee is two hundred ISK per month, and it is charged with the preschool fees.



Þarf barnið þitt sérþæka þjónustu?

Ef grunur vaknar um hegðunar- eða þroskafrávik hjá barni getur þú rætt við deildarstjóra eða sérkennslustjóra. Í samvinnu við foreldra er gerð skrifleg áætlun um íhlutun þótt ekki liggi fyrir staðfesting sérfræðings á þroskafrávikum. Ef farið er fram á athugun eða ráðgjöf frá sérfræðiþjónustu er tilvísun fyllt út í samráði við foreldra. Sú þjónusta getur m.a. falist í sálfræðilegri athugun, talþjálfun eða sérkennsluráðgjöf.

Fatnaður í leikskólanum – Hvað er gott að hafa

Búnað barnsins þarf að miða út frá aðstæðum hverju sinni. Það er nauðsynlegt að hafa auka föt og föt sem henta vel fyrir útiveru. Hér á Íslandi getur veðrið breyst skjótt og við förum út að leika í öllum veðrum. Hægt er að geyma aukaföt í hólfi sem hvert barn fær úthlutað. Á föstudögum skulu hólfin tæmd. Mikilvægt er að merkja öll föt barnsins með nafni. Hægt er að kaupa góða límmiða t.d. á www.merkimidar.is og www.rogn.is

Aukaföt og annað sem gott er að hafa í leikskólanum:

Auka föt (nærföt, sokka, buxur, peysur, bolir, o.fl.)
Útiföt fyrir öll veður (hlýja peysu, regngalli, stígvél, kuldagalli, hlýjar buxur, vettlingar, húfa, hlýjir sokkar o.fl.)

Does your child need specialized services?

If there is suspicion about behavioral or developmental delays with a child, you can discuss it with the head of the department or the special education director. In cooperation with the parents a written plan is drawn up regarding intervention even though confirmation from a specialist regarding the possible developmental delays has not been received. If an observation or consultation from a specialized service of the Social Service Centre is requested, a referral is filled out in cooperation with the parents. Those services can for example be a psychological consultation, speech therapy or special education consultation.

Clothing in the preschool – What is good to have

Your child 's outfit must always be in accordance with conditions. It is necessary for the child to have extra clothes and protective clothing for outdoor play. Here in Iceland the weather can change frequently, and we go outside and play in all weathers. You can store the clothes in your children's compartment. On Fridays, children 's compartments should be emptied. It is important to mark all your child 's clothes with the name of the child. You can for example get very good stickers e.g., from www.merkimidar.is, www.rogn.is

Extra clothes for your child to have at the Preschool:

Extra clothes (underwear, socks, pants, sweater, shirts, etc.)
Outdoor clothing for every weather (warm sweater, rain suit, waterproof boots, overall for snow, warm pants, gloves, hat, warm socks etc.)



Yngstu nemendurnir

Frá 1. September 2021 mun leikskólinn útvega bleyjur fyrir þau börn sem það þurfa. Fyrir þau börn sem sofa í leikskólanum þá þarf að koma með teppi, koddar, koddaver, snuð og/eða bangsa ef þess er þörf. Barnið þarf að koma með stútkönnu/glas sem það drekkur vatn úr milli mála. Rúmföt og glas barnsins fer heim á föstudegi og foreldrar koma með það hreint á mánudegi.

Sérstakir dagar

Yfir skólaárið eru fimm starfsdagar þar sem leikskólinn er lokaður. Einnig eru fimm starfsmannafundir yfir skólaárið og opnar leikskólinn kl 10 þá daga.

Skóladagatalið má finna á heimasíðu leikskólans þar er hægt að sjá yfirlit yfir sérstaka daga yfir skólaárið:
www.oskaland.karellen.is

Yfir skólaárið höldum við upp á sérstaka íslenska merkis daga. Við höldum einnig upp á afmæli barnanna í leikskólanum. Barnið sem heldur upp á afmælið sitt fær kórónu og leyfilegt er að taka með ávexti og/eða grænmeti að heiman til þess að bjóða upp á á deildinni.

The youngest students

From September 1, 2021, the preschool will provide diapers for the children who need them. For the children who sleep in the preschool, you need to bring a blanket, a pillow, pillow cover, a pacifier and / or teddy bear if needed. You also need to bring a water jug/glass, which is used between meals. The bedding and glass go home on Friday and the parents bring it clean on Monday.

Special days

There are five professional preparation days over the school year. Meanwhile the preschool is closed. There are also five staff meetings over the year where the school opens at 10 o'clock.

The school's calendar is on the website where you can see all the special days over the school year: www.oskaland.karellen.is

Over the school year we celebrate a few of special Icelandic culture days in the school. We also celebrate children's birthdays at the school. The child who is celebrating its birthday gets a birthday hat and is allowed to bring fruits and/or vegetables to the school to share with all the children in their department.



Afþreying fyrir fjölskyldur í Hveragerði

Bókasafnið í Sunnumörk

<https://bokasafn.hveragerdi.is>

Listasafn Árnesinga þar er að finna kaffihús sem selur drykki, kaffi og kökur frá bakarí í heimabyggð. <http://listasafnarnesinga.is>

Íþróttafélagið Hamar í boði eru allskonar íþróttir fyrir alla aldurshópa. Stubbaleikfimi og fótbolti eru í boði fyrir börn á leikskólaaldri <http://www.hamarsport.is>

Sundlaugin Laugaskarði

<https://www.facebook.com/laugaskard/>

Frisbíggölfvöllur 9 brauta folfvöllur í skógræktarsvæðinu undir Hamrinum í Hveragerði. Neðan við folfbrautina er Hamarsvöllur. Fyrsti teigur er neðst í hlíðinni við grillhúsið.

<https://www.hveragerdi.is/is/mannlif/hvad-er-i-hvergerdi/frisbigolfvollur-hveragerdi>

Ýmsar gönguleiðir

<https://www.hveragerdi.is/is/mannlif/hvad-er-i-hvergerdi/gonguleidir>

Hveragarðurinn

<https://www.facebook.com/Geothermalpark>

Different activities for families in Hveragerði

The Library in Sunnumörk.

<https://bokasafn.hveragerdi.is>

The Art Museum, Listasafn Árnesinga has a cafeteria that sells drinks, coffee, and cakes from a local bakery <http://listasafnarnesinga.is>

The sports club Hamar allows both grown-ups and children to participate in different kinds of sport. Stubbaleikfimi (gymnastics) and football are available for preschool children <http://www.hamarsport.is>

The swimming pool Located in Laugaskarð.

<https://www.facebook.com/laugaskard/>

Frisbee golf course 9-lane golf course located in the forestry area under the hill *Hamar* in Hveragerði. Below the track is Hamarsvöllur. The first tee is at the bottom of the hill by the barbecue house.

<https://www.hveragerdi.is/is/mannlif/hvad-er-i-hvergerdi/frisbigolfvollur-hveragerdi>

Hiking trails

<https://www.hveragerdi.is/is/mannlif/hvad-er-i-hvergerdi/gonguleidir>

Geothermal Park

<https://www.facebook.com/Geothermalpark>

Orðabók barnsins

Parents, please write in your native language

Halló / hello: _____ Já / Yes: _____ Nei / No _____

Velkomin(n) / Welcome: _____

Góðan daginn / Good morning: _____

Ég heiti / my name is: _____

Ég veit ekki / I don't know: _____

Ég er þyrst(ur) / I'm thirsty: _____

Ég er svöng/svangur / I'm hungry: _____

Má ég fá / can I have? _____

Ég er glöð/glaður / I am happy: _____

Ég er leið(ur) / I feel sad: _____

Ég þarf að fara á klósettið / I need to use the toilet: _____

Takk fyrir daginn / thank you for today: _____

Sjáumst á morgun / see you tomorrow: _____